

**562. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 29.
október 2020
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 562 lögmatan.

Berglind Eir Egilsdóttir boðaði forföll og sat Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

Dagskrá:

1. Styrkur umsókn um styrk - 2010082

Bréf frá Ungmennafélagi Tálknafjarðar dags. 13.10.2020 þar sem óskað er eftir styrk.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.

2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 15.10.2020 þar sem því er komið á framfæri að sé eftir því óskað muni ráðuneytið veita frest til 1. desember 2020 að tillaga að fjárhagsáætlun verði lögð fram sem og að afgreiðsla fjárhagsáætlunar geti farið fram ekki síðar en 31. desember 2020.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sækja um frest til að leggja fram og afgreiða fjárhagsáætlun í samræmi við erindi ráðuneytisins.

3. Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og framboð í stjórn. - 2010149

Tölvupóstur frá stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 13.10.2020 þar sem boðað er til aðafundar sem fer fram í fjarfundarformi 30.10.2020. Jafnframt er fundargerð 59. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem fór fram 09.10.2020 lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)
